

# Prisma



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

# Prisma er þverfaglegt diplómanám sem byggir á skapandi og gagnrýninni hugsun. Námið er skipulagt af Listaháskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst í samvinnu við Reykjavík Akademíuna. Prisma er metið til 16 eininga (ECTS) á háskólastigi.

1

## Helstu markmið með náminu

### Þverfagleg þekking

Nemendum býðst þverfagleg menntun sem gerir þeim kleift að setja ólíkar starfsgreinar, fræðigreinar, hugmyndir, orðræðu og hluti í samhengi. Nemendur fá innsýn í ný og ókunn svið og efla getu sína til að starfa á fleiri sviðum en áður.

### Fleiri verkfæri í verkfæratöskuna

Nemendur fá í hendurnar nauðsynleg verkfæri, þekkingu, reynslu og stuðning til að efla stöðu sína sem uppbyggilegir, skapandi og gagnrýnir gerendur í samfélaginu sem geta breytt fram-sæknum hugmyndum í raunveruleg verkefni.

### Menntun á háskólastigi

Að námi loknu fá nemendur diplómagráðu sem metin er til 16 eininga (ECTS) á háskólastigi. Að gefnum ákveðnum skilyrðum geta nemendur fengið 12 einingar (ECTS) metnar inn í bakkalár-nám við Háskólann á Bifröst og 6 einingar (ECTS) inn í meistaranám við Háskólann á Bifröst og í kennslufræði við Listaháskóla Íslands.

### Umbreyting

Lykilorðið í náminu er umbreyting. Nemendur fá tækifæri til að gaumgæfa umbreytingar í samfélaginu út frá fjölbreyttum sjónarhornum undir leiðsögn sérfræðinga. Í slíku umhverfi verða vandamál að tækifærum, hindranir að flóðgáttum og hugmyndafræðilegt hrun að nýju upphafi.

## Skipulag námsins

### Tímarammi og staðsetning

Námið stendur yfir í 8 vikur, frá 1. febrúar til 25. mars 2009 og er skipt í 3 lotur. Fyrsta lotan stendur yfir í þrjár vikur, önnur lotan í tvær vikur og sú þriðja í þrjár vikur. Kennslan fer fram að Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík mánudaga til föstudaga og gera skal ráð fyrir viðveru frá kl. 9:00-16:00 alla virka daga. Á þessu er sú undan-tekning að miðvikudaginn 24. febrúar fer kennslan fram á Bifröst. Þá verður farið með rútu frá Fríkirkjuvegi klukkan 9 um morgun og komið aftur í bæinn fyrir kvöldmat.

### Námsgreinar

Burðarfögin í Prisma eru heimspeki og fræði greinar lista. Heimspekin byggir á gagnrýninni hugsun og opnar greinandi afstöðu gagnvart samtímanum og samfélaginu. Fræðigreinar lista byggja á skapandi hugsun og ná utan um innsýn, skynjun og hlutdeild sem nýta má á öllum sviðum samfélagsins.

Hugtök heimspekinnar, greiningartæki hennar og fræðigreina lista skapa því mikilvægan grundvöll og samhengi fyrir önnur fög sem verða kennd samhliða. Fögin eru m.a. ímyndafræði, menningar stjórnan, menningarfræði, frumkvöðlafræði, hönnun og tíðarandi, myndmálssaga, tónlistarsaga, tónlistarmiðlun, skapandi skrif, aðferðafræði myndlistar og leikhúss, arkitektúr og skipulag, miðlunarfræði, mannfræði, táknfræði, tauga lífeðlisfræði, bókmenntir og stjórnan.

Hin þverfaglega nálgun þjónar þeim tilgangi að víkka út þekkingarsvið og sjónarhorn nemenda og veita áhugasviðum og reynslu þeirra í nýja og spennandi farvegi. Á þann hátt er áður þekktum aðferðum og leiðum til athafna ögrað. Fjöldi ólíkra námsgreina eflir einnig getu til að sjá samhengi milli ólíkra hluta og takast á við fjölbreytt verkefni á vinnumarkaði.

Einu sinni í viku verður boðið upp á gestafyrirlestra þar sem sérfræðingar segja frá því sem er að gerast í stefnumótun, rannsóknum og nýsköpun í íslensku samfélagi og utan landsteinanna.

## Nánar um heimspekina í Prisma

Áherslur í heimspekinni eru af tvennum toga. Annarsvegar munu nemendur kynna nálgunaraðferðum og hugsunarhætti heimspekinnar (lota I), hinsvegar verður fjallað um stjórnsmál, þekkt hugtök, samfélag og menningu frá sjónarhorni heimspekinnar (lotur II og III). Byrjað verður á afstöðu efans sem þekkt er úr heimspekinni frá aldaöldi og fjallað um leiðir heimspekinnar til að komast að „kjarna“ hlutanna og til að „afhjúpa“ mannlegan veruleika. Í framhaldi af því er farið í nokkur meginhugtök heimspekinnar og rökleg greiningartæki hennar. Þá verður rætt um aðferð heimspekinnar og hvernig hægt er að sjá hana sem tæki til að hugsa með og meta skynjun og reynslu; hvernig heimspekin getur hjálpað okkur að takast á við stöðu okkar í heiminum. Samfélag okkar og menning eru afurðir hefðar, vana og langrar sögulegrar þróunar, en við krefjumst þess þó líka að þetta skipulag standist próf skynseminnar. Sú krafa byggir á sýn manna á sjálfa sig og samfélag sitt sem siðferðilegt viðfangsefni. Við munum fjalla um tengsl gagnrýni við siðferði og menningu og ekki síst möguleikana sem við höfum á að meta og endurmeta okkur sjálf og samfélagið sem við höfum skapað. Í framhaldi af því verður rætt um nokkrar knýjandi spurningar samtímans, þar á meðal fjölmenningu, alþjóðavæðingu og réttlæti.

## Nánar um fræðigreinar lista í Prisma

Nemendur munu kynna samtímamyndlist og listasögu með áherslu á 20. og 21. öld. Varpað verður ljósi á eðli þeirra miklu samfélagsbreytinga sem orðið hafa á þessu tímabili og hvernig þær birtast í myndlist. Hugað verður að róttæku endurmati í listum og hvernig listastefnur hafa raskað venjubundinni skynjun manna á umhverfinu og raunveruleikanum. Staða samtímamyndlistar verður skoðuð í sögulegu samhengi og þátttakendum gerð grein fyrir forsendum og framvindu nútímalistar svo þeir megi betur skilja ástæður og eðli þeirrar umbyltingar sem varð á list tímabilsins. Skoðaðir verða mismunandi miðlar; s.s. málverk, skúlptúr, ljósmyndir, vídeóverk, innsetningar og umhverfisverk og rætt um hluti eins og þjóðarímynd, narsissisma, náttúrusýn, gjörninga, hugmyndalist og samfélagsgagnrýni í verkum íslenskra og erlendra listamanna.

## Námsmat

Í náminu er leitast við að snúa fyrirframgefnum hugmyndum, skoðunum og niðurstöðum á rönguna. Sett eru spurningarmerki við þær hugmyndir og venjur sem við þekkjum með það að augnamiði að leita nýrra leiða, markmiða og aðferða.

Lykilaðferðir Prisma fela meðal annars í sér að kveikja nýjar hugmyndir, aðferðir og lausnir sem eru einstakar og áhrifaríkar og leitað er leiða til þess að leysa flókin, óreiðukennd og óljós vandamál, sjá nýtt samhengi á milli ólíkra hluta og gera sér grein fyrir því hvernig hlutir geti verið öðruvísi.

Námsmat í Prisma er með eftirfarandi hætti:

Dagbókarverkefni	15%
Verkefni L1	18%
Verkefni L2	18%
Verkefni L3	24%
Vinumappa	25%

Gerð er krafa um virka þátttöku nemenda í tímum og hópverkefnum.

---

## Verkefnavinna

Í hverri lotu vinna nemendur hópverkefni og kynna þau í lok lotunnar. Verkefnavinnan byggir á kennslufni hvernar lotu og efni sem nemendur viðá að sér undir leiðsögn kennara og á eigin vegum. Í verkefnunum fást nemendur við að tengja saman samtímasögu, þekkt hugtak, málefni, tilfinningu, sköpunarverk, hugmyndafræði eða regluverk við námsefni hvernar lotu, eigin hugar- og reynsluheim. Þetta er gert í gegnum „veiðimann“ sem felur í sér að í upphafi hvernar lotu dregur hver hópur 4-6 miða úr skál. Á miðunum er lýsing á ástandi, málefni, tilfinningu, sköpunarverki, stefnu, stefnumótun, hugmyndafræði eða regluverki. Saman skapa miðarnir þann kjarna sem hver hópur vinnur út frá í gegnum loturnar. Burðarfögin heimspeki og fræðigreinar lista ganga í gegnum allar loturnar og önnur fög sem raðast á loturnar þjóna þeim tilgangi að víkka út þekkingu nemenda enn frekar, sjá samhengi á milli ólíkra hluta og auka úrval verkfæra í verkfæratösku hvers og eins. Áskorunin felst í því að tengja saman ólíka hluti, sjá samhengi á milli þeirra, þræða þá inn í námið og úrvinnslu námsefnis hvernar lotu fyrir sig.

Í fyrstu vikunni er einnig lögð áhersla á einstaklingsverkefni. Markmiðið er að nemendur nái tókum á hugmyndafræði námsins og nálgunaraðferð. Hver og einn er beðinn um að halda dagbók með hugrenningum og skrifum um það sem athygli vekur, í náminu og utan þess. Um leið hefst vinna við vinnuöppu sem skilað er til auðveldara í lok námsins.

Í fyrstu og annarri lotu kynnast nemendur aðferðafræði myndlistar og hönnunar og nota til hliðsjónar í verkefnavinnu. Í þriðju lotu eru nemendum kenndar vinnuaðferðir leikhússins (e. devised theatre). Sérfræðingar í leikhúsfærðum sjá um að þjálfa nemendur í þessari aðferðafræði og aðstoða þá við að tileinka sér hana í verkefnavinnunni ásamt auðveldurum.

1 Devised aðferðafræði er samansafn ólíkra nálganna við efni, framsetningu og samsetningu. Innan leiklistar hafna þessar aðferðir þeirri stigskipan sem ráðandi er innan formsins og leitast við að skapa annars konar samstarfsgrundvöll. Devised þýðir að skapa, að semja, að leggja til, að geta, að hugsa, að lýsa, að skipuleggja, að miðla og að draga ályktanir úr umhverfinu.

Verkefnakynningar geta verið í margvíslegu formi s.s. fyrirlestrar eða „power point“ kynningar, teiknimyndasögu, stuttmyndar, bæklings, myndverks eða einhvern annarrar afurðar sem best kemur hugmyndum og greiningu hópsins til skila. Meginkrafan er að hópurinn hafi kynnt sér námsefnið vel, hugleitt það í samhengi við veiðifangið úr skálinni og gert úr því heildstæða mynd, sem greinir, auðgar, breytir eða bætir við.

---

## Ástundun

Gera skal ráð fyrir viðveru alla virka daga frá 9:00-16:00 (sjá stundaskrá). Daginn sem kennsla fer fram á Bifröst er lagt af stað úr Reykjavík klukkan 9.00 og komið til baka fyrir kvöldmat sama dag. Gerð er krafa um fulla mætingu nemenda í alla kennslu. Undir kennslu falla fyrirlestrar, málstofur og vinnustofur. Aðveldarar leiða málstofur og skrá ástundun nemenda og mætingu þeirra. Sé um að ræða fjarvistir vegna veikinda ber nemanda að tilkynna það skólanum að morgni.

Ef fjarvistir nemanda, þar með talið vegna veikinda, fara fram yfir 1/5 af heildarfjölda kennslutíma getur hann ekki lokið náminu. Sé um að ræða sérstakar og óviðráðanlegar ástæður getur nemandi sótt um undanþágu til forstöðukonu námsins frá þessari reglu.

---

## Námsgögn

Nemendur nota sínar eigin tölvur í náminu og allar upplýsingar um lesefni verða gefnar á fyrsta skóladegi. Nemendur fá aðgang að prentara og ljósritunarvél og er það innifalið í skólagjöldum.

---

## Auðveldarar

Auðveldarar halda utan um hóp 20 nemenda hver og leiðbeina þeim við úrvinnslu efnis, kynningu verkefna og heimildaleit. Auðveldarar fara einnig yfir öll verkefni, sjá um endurgjöf og umsagnir.

Nafn	Sérþekking og reynsla	Skammstöfun
Ágúst Einarsson	Rektor Háskólans á Bifröst og hagfræðingur	ÁE
Björn Árnadóttir	Menntunarfræðingur	BÁ
Brynhildur Pálsdóttir	Hönnuður	BP
Daníel Björnsson	Verkefnisstjóri í Hugmyndahúsi Háskólanna, myndlistarmaður og kennari	DB
Einar Garibaldi	Myndlistarmaður og kennari	EG
Eiríkur Guðmundsson	Bókmenntafræðingur og dagskrárgerðarmaður	EiG
Eygló Harðardóttir	Myndlistarkona	EH
Guðjón Már Guðjónsson	Frumkvöðull	GMG
Guðmundur Oddur Magnússon	Prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands	Goddur
Guðrún Margrét Guðmundsdóttir	Mannfræðingur	GMG
Gunnar Hersveinn	Heimspekingur, blaðamaður og rithöfundur	GH
Halldór Björn Runólfsson	Listfræðingur og forstöðumaður Listasafns Íslands	HBR
Hallfríður Ragnheiðardóttir	MA í íslenskum bókmenntum og draumaþerapisti	HaR
Hallmar Sigurðsson	Leikstjóri og menningarstjórnunarfræðingur	HaS
Hildigunnur Sverrisdóttir	Arkitekt og kennari	HS
Hjálmar H. Ragnarsson	Rektor Listaháskóla Íslands og tónskáld	HR
Hrefna Guðmundsdóttir	Sálfræðingur	HrG
Hrund Gunnsteinsdóttir	Forstöðukona Prisma og þróunarfræðingur	HG
Hulda Þórisdóttir	Stjórnmalasálfræðingur	HP
Jón Ólafsson	Deildarforseti og prófessor í heimspeki við Háskólann á Bifröst	JÓ
Karen María Jónsdóttir	Fagstjóri dansnáms við Listaháskóla Íslands	KMJ
Kristín Eysteinsdóttir	Listrænn stjórnandi við Borgarleikhúsið og leikstjóri	KE
Kristján Leósson	Vísindamaður	KL
Kristrún Heimisdóttir	Lögfræðingur	KH
Magnús Þór Þorbergsson	Lektor í leiklistarfræðum við Listaháskóla Íslands	MÞÞ
Matthías Johannessen	Skáld	MJ
Matilda Gregersdóttir	PCC markþjálfari, stofnandi og eigandi Leiðtoga ehf.	MG
Nicolas Pétur Blin	Taugalífeðlisfræðingur	NB
Nína Margrét Grímsdóttir	Tónlistarkona og kennari við Listaháskóla Íslands	NMG
Njörður Sigurjónsson	Lektor í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst	NS
Sigríður Helga Hauksdóttir	Hönnuður og kennari við Myndlistarskóla Reykjavíkur	SHH
Sigríður Sigurjónsdóttir	Prófessor og fagstjóri í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands	SiS
Sigrún Birgisdóttir	Lektor og fagstjóri í arkitektúr við Listaháskóla Íslands	SB
Sigrún Sigurðardóttir	Menningarfræðingur, aðjúnt og fagstjóri í hönnunarfræðum við Listaháskóla Íslands	SS
Sigurður Halldórsson	Tónlistarmaður, aðjúnt og fagstjóri í tónlistarmiðlun við Listaháskóla Íslands	SH
Sjón	Rithöfundur	Sjón
Sólveig Ólafsdóttir	Sagn- og menningarstjórnunarfræðingur	Sóla
Sumarliði Ísleifsdóttir	Sagnfræðingur	SÍ
Una Þorleifsdóttir	Aðjúnt í leiklist við Listaháskóla Íslands	UP
Viðar Hreinsson	Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademiunnar og bókmenntafræðingur	VH
Þorvaldur Þorsteinsson	Rithöfundur	ÞÞ

Þessi stundaskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

Lota I					
Vika 1.-5. febrúar 2010					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
9:15 – 12:00		9:15-11:00 Tónlist sem afl (SH)	9:15-11:00 H1:Skapandi skrif (Sjón)	9:15-11:00 H2:Skapandi skrif (Sjón) H1&3:Málstofur	9:15-11:00 H3:Skapandi skrif (Sjón) H2:Málstofa
12:00 – 13:00	12.30 Móttaka Fríkirkjuvegi 11				12:00-12:45 Gestafyrirlesari
13:00 – 13:45	Kynning á náminu Praktísk atriði. (HR,ÁE,HG)	Rökhugsun vs. skapandi hugsun (HG)	Að hugsa út fyrir kassann: Hvaða kassa? (HG)	13:00-14:45 Svefngenglar: undanfari endurreisnar (HR)	13:00-15:45 Efi: Heimspeki (JÓ)
14:00-14:45	Námsskjár (HRB)		14:00-15:45 Málverkið: staður til að hugsa og framkvæma (EG)		-
15:00-15:45	15:00-16:00 Myndmálssaga I (Goddur)	15:00-16:00 Spjall um ljóð (MJ) - OPF		15:00-16:00 Hönnun og tíðarandi I (Goddur)	

Vika 2: 8.-12. febrúar 2010					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
9:15 – 12:00	10:00 Skil á dagbókarverkefni	9:15-11:45 Málstofa með auðveldurum		9:15-11:45 Málstofa með auðveldurum	
12:00 – 13:00	12:45-13:00 Veiðimaður I				12:00-12:45 Gestafyrirlesari
13:00 – 13:45	Hvað er heili - í dag? (NPB) - OPF	Skammtafræði (KL) - OPF	Niðurstæða: Heimspeki (JÓ)	13:00-14:00 Hönnun og tíðarandi II (Goddur)	13:15-14:45 Myndlistarmaður segir frá vinnuferli (ÞÞ)
14:00-14:45					
15:00-15:45	Menningarleg afstæðishyggja og þjóðhverfa (GMG)	Myndmálssaga II (Goddur)	Ljósmyndin sem menningarlegt greiningartæki (SS) - OPF	Áhrifavaldurinn tónlist (NM)	Að sjá meira og snúa á rönguna (HG)

Þessi stundaskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

## Lota I framhald

### Vika 3: 15.-19. febrúar 2010

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
9:15 – 12:00		9:15-11:45 Málstofa með auðveldurum	9:15-10:45 Málstofa með auðveldurum	9:00-11:00 Kynningar á verkefnum	10:00 Skil á veiðimanns- verkefni I
12:00 – 13:00					12:00-12:45 Gestafyrirlesari
13:00 – 13:45	13:15-14:45 Myndin af heiminum (HG)	Hjálpartæki og huggun: Heimspeki (JÓ)		Betur sjá augu en auga (EH)	Teikning sem skynjun (SHH)
14:00-14:45			Stjórnsmál óttans (HP) - OPF		
15:00-15:45	Tónlist sem samfélagsskoðun (NS)	15:00-15:30 Heimildanotkun og skráning (SÓ)	Njála og núíð (KH) - OPF		

Þessi stundaskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

## Lota II

## Vika 4: 22.-26. febrúar 2010

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
9:15 – 12:00		9:15-11:30 Málstofa með auðveldurum	9:00 Rúta á Bifröst 10:50 Velkomin 11:00-11:20 Ísland í Evrópu - Evrópa á Íslandi (EB) 11:20 - 11:40 Mannkynssaga: saga mannkyns alls eða bara vesturlanda? (MSH)	9:15-11:45 Málstofa með auðveldurum	
12:00 – 13:00		12:30-13:30 Fagurferði á umbrotatímum (NS)	11:40-12:00 Umræður		12:00-12:45 Gestafyrirlesari
13:00 – 13:45	13:00-13:15 Veiðimaður II	13:45-15:45 Borg/ari (SB)	13:15-14:00 Menningar- stjórnun (NS)	Réttlæti: Heimspeki (JÓ)	Frá verki til viðburðar (MPP)
14:00-14:45	13:15-14:45 Hið samfellda og hið rákaða: skynjun og greining sanhengis (HS)		15:00-15:50 Anda inn 16:10 Rúta í bæinn		-
15:00-15:45	Miðlun (GS)			Hvað er hönnun? (SS) - OPF	

## Vika 5: 1.-5. mars 2010

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
9:15 – 12:00		9:15-11:45 Málstofa með auðveldurum		9:00-11:00 Kynningar á verkefnum	10:00 Skil á veiðimanns- verkefni II
12:00 – 13:00					12:00-12:45 Gestafyrirlesari
13:00 – 13:45	12:45-14:00 Ímyndir & sjálfsmýndir á 19. og 20. öld (SRI)	Svona er núfimalistin, hvert stefnir hún? (HBR)		EVE Online: Leikur? (PJÓ)-OPF	13:00-14:00 Gróður og grafir- Vettvangsferð (SÓ) - OPF
14:00-14:45	14:15-16:00 Umburðarlyndi: Heimspeki (JÓ)		14:15-15:45 Frá fornöld til okkar tíma: menning og (ímyndunarveik) sjálfsmýnd þjóðar (VH)		14:15-16:00 Undirbúningur fyrir framtíðarbrun
15:00-15:45		Bókmenntir- hvers konar verkfæri eru þær? (EG)			

Þessi stundaskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

## Lota III

## Vika 6: 8. - 12. mars 2010

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	
9:15 – 12:00	9:00-14:00  Framtíðarbrun	9:15-11:45 H3:Málstofa með auðveldara H1&H2: Aðferðarfræði leikhússins (UP, KE)	9:15-11:45 H1&2:Málstofa með auðveldara H3: Aðferðarfræði leikhússins (UP, KE)	9:15-11:45 H3:Málstofa með auðveldara H1&H2: Aðferðarfræði leikhússins (UP, KE)	9:15-11:45 H1&2:Málstofa með auðveldara H3: Aðferðarfræði leikhússins (UP, KE)	
12:00 – 13:00			12:00-12:45 Gestafyrirlesari		12:30-13:45	
13:00 – 13:45			Leiklist sem aðferð-samstarfsaðferðir leikhússins (UP)	13:15-15:45 Átök: Heimspeki  Vinnustofa (JÓ)	Menningarhagfræði (ÁE)	Goðsögur og sýmbólismi (HaR)- OPF
14:00-14:45		14:00-15:00 Kynning á verkefnum	Frumkvöðlafræði (GMárG)			Lygi: Heimspeki (JÓ)
15:00-15:45		15:15-15:30 Veiðimaður III			Alkemismi (DB,Goddur) - OPF	

## Vika 7: 15. - 19. mars 2010

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
9:15 – 12:00		9:15-11:45 Málstofa með auðveldurum	9:15-11:45 Framvinda loka-verkefni og skerptur fókus (UP,KE)	9:15-11:45 Málstofa með auðveldurum	
12:00 – 13:00					12:00-12:45 Gestafyrirlesari
13:00 – 13:45	Mismunur: Heimspeki (JÓ)	Markþjálfun /Dialogue (MG)-OPF	Íslensk samtíma konseptlist (HBR) - OPF	LET US SPRAY-um veggjalist í Betlehem, ástandið í Landinu helga og friðarfiðrildi (BÁ)-OPF	13:00-14:00 Borðið (BP)
14:00-14:45					14:15-15:00 Siglingafræði (HS,Sóla,HaS)
15:00-15:45					Hugsjón: Heimspeki (JÓ)

Þessi stundaskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

## Lota III framhald

### Vika 8: 22. - 26. mars 2010

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	Skil á vinnumöppu		Kynning	Skil á greinagerð	

### Vika 9: 29. mars - 3. mars 2010

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Yfirferð	Yfirferð	Yfirferð			17:00-19:00 Útskrift

